

nín, og þú, að ég væri maðurinn þinn. Það er nóg. Spurðu folkið í húsinu, hvort það sé ekki. Við höfum fengið fullkomið vígsluvottorð, sem vitnin hafa undirskrifað — alt er í reglu, litla, hrædda konan mín”.

Samtal þetta átti sér stað í litlum bæ í Schwarzwald, maðurinn átti heima í höfuðborginni og unga konan, sem hét Adela Stahr. Af gildum ástæðum hélt hann giftingunni leyndri, en ást hans til Adelu var hreinskiliu, hann vissi að móðir sín mundi ekki samþykka giftinguna, því hann var af æðri stöðu, en hann hafði gefið ungu konunni sinni í skyn, af svo hárrí stöðu, að henni hefði aldrei komið til hugar að bindast neinunum jafn hátt settum manni.

Meðan hann var að biðla til ungu stúlkunnar, sagði hann henni, að hann væri skrifari á stórrí skrifstofu, og væri svo efnum búinn, að hann mætti leyfa sér að ferðast stutta skemtiför með henni. Hann var í raun réttur ekki ríkur án aðstoðar móður sinnar, en þó svo efnum búinn, að hann gat séð um velliðan konu sinnar í framtíðinni.

“En ef þú trúir mér ekki, þá geturðu spurt góða, gamla gestgjafann, sem kemur þarna”, sagði hann í spaugi. “Hann mun segja þér sannleikann”.

Þessi orð áttu við gamlan mann, sem var að nálgast þau.

Hann tók eftir því, að þau höfðu séð sig, og kom til þeirra með húruna í hendinni.

“Get ég gert nokkuð fyrir tignarfólkið?” spurði hann.

Adela leit bænaraugum á mann sinn.

“Þakka yður fyrir, já, ef þér viljið færa okkur eina flösku af áfengislitlu víni, gleður það okkur”, sagði hann.

Gestgjafinn fór.

“Þú vildir sjálf fá vissu, barnið mitt, því mátti ég þá ekki spyrja hann?”